

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 900/2009

2021/EES/43/21

frá 25. september 2009

um að leyfa selenmeðþiónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-3399, sem fóduraukefni

(Texti sem varðar EES) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fódur ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndunni selenmeðþiónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-3399, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ sem fóduraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 5. mars 2009 ⁽²⁾ að ger sem er efnabætt með seleni, einkum selenmeðþióníni, með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-3399, hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra

eða manna eða umhverfið og að líta megi svo á að efnablandan sé gjafi lífaðgengilegs selens og að þannig séu viðmiðanir fyrir viðbætt næringarefni uppfylltar að því er varðar allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnun telur að ekki sé þörf á sértekum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fódri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnun „snefilefnasambönd“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 15.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 992, bls. 1-24.

VIÐAUKI

Kenni- númer aukefnisins	Nafn leyfis- hafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Hámarksinnihald frumefnisins (Se) í mg/kg heilfóðurs með 12 % rakainnihaldi			
Flokkur viðbættra næringarefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b8.12	—	Selenmeþjónín Selenmeþjónín framleitt með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-3399 (Selenauðgað ger, óvirkjað)	Lýsing á eiginleikum aukefnisins: Lífrænt selen, aðallega selenmeþjónín (63 %) sem inniheldur 2 000–2 400 mg Se/kg (97–99 % af lífrænu seleni) Lýsing á eiginleikum virka efnisins: Selenmeþjónín framleitt með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CNCM I-3399 (Selenauðgað ger, óvirkjað) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Frumeindagleypnimæling (AAS) í Zeeman-grafítöfni eða hýdríð frumeindagleypnimæling	Allar tegundir	—		0,50 (samtals)	1. Aukefnið skal notað sem forblanda í fóður. 2. Varðandi öryggi notenda: nota skal öndunarvörn, öryggisgler- augu og hanska við meðhöndl- un.	19. október 2019

⁽¹⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives*